

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 56/2013

2013/EES/64/16

frá 16. janúar 2013

um breytingu á I. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla (áður smitandi heilahrönnunarsjúkdómur) í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértílvikum, um útflutning þeirra.
- 2) Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um bann við því að jörturdýr séu fôðruð á prótíni úr dýrum. Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar er bannað rýmkað til að það nái til annarra dýra en jörturdýra og þrengt að því, að því er varðar fôðrun þessara dýra með afurðum úr dýraríkinu, í samræmi við IV. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er bannað, sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr., rýmkað til að það nái til fôðrunar alidýra sem ekki eru jörturdýr, að undanskilinni fôðrun loðdýra sem eru kjötætur, m.a. með unnu dýrapróttíni. Með undanþágu og við sérstök skilyrði er heimilt skv. IV. viðauka að fôðra alidýr, sem ekki eru jörturdýr, á tilteknu unnu dýrapróttíni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

- 4) Í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ⁽²⁾ er lagt bann við fôðrun landdýra, annarra en loðdýra, af tilteknum tegundum með unnu dýrapróttíni sem er fengið úr skrokkum eða skrokkhlutum dýra af sömu tegund. Í þeirri grein er einnig lagt bann við fôðrun eldisfiska með unnu dýrapróttíni úr skrokkum eða skrokkhlutum eldisfiska af sömu tegund.

- 5) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins — Leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla — Áætlunarskjal um smitandi svampheilakvilla fyrir árin 2010–2015⁽³⁾ var samþykkt 16. júlí 2010. Þar eru tilgreind svið þar sem unnt væri að gera hugsanlegar breytingar á löggjöf Sambandsins um smitandi svampheilakvilla í framtíðinni. Þar er einnig lögð áhersla á að hvers kyns endurskoðun á reglum um smitandi svampheilakvilla skuli fyrst og fremst byggjast á vísindalegri ráðgjöf og tæknilegum atriðum í tengslum við eftirlit og framfylgd nýrra ráðstafana.

- 6) Í orðsendingunni er m.a. fjallað um endurskoðun á gildandi reglum um fôðurbann sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Í orðsendingunni er viðurkennt, á grundvelli tveggja vísindalegra álita sem Vísindanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu (Biohaz) gaf annars vegar út 24. janúar 2007 ⁽⁴⁾ og hins vegar 17. nóvember 2007 ⁽⁵⁾, að engin tilvik smitandi svampheilakvilla hafi greinst hjá alidýrum, sem ekki eru jörturdýr, við náttúrulegar aðstæður og að óveruleg hættu

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

⁽³⁾ COM/2010/0384.

⁽⁴⁾ Álit vísindanefndarinnar um líffræðilega hættu að beidni Evrópuþingsins um mat á heilbrigðisáhættu, sem fylgir því að fôðra jörturdýr á fiskimjöli, í tengslum við hættu á smitandi svampheilakvilla, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2007), 443, bls. 1–26.

⁽⁵⁾ Álit vísindanefndarinnar um líffræðilega hættu að beidni Evrópuþingsins um tiltekna þætti í tengslum við notkun dýrapróttína í fôðri handa húsdýrum, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* nr. 576, bls. 1–41.

sé af smiti af völdum kúariðu frá dýrum, sem ekki eru jörturdýr, yfir í önnur dýr, sem ekki eru jörturdýr, svo lengi sem komist er hjá endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina. Af þessum sökum er niðurstaðan í álitinu sú að taka megi til athugunar að aflétta banninu við notkun á unnu dýraprótni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, í fôður dýra, sem ekki eru jörturdýr, en án þess að aflétta gildandi banni við endurvinnslu þegar um er að ræða einu og sömu dýrategundina og einungis ef fyrir hendi eru fullgiltar greiningaraðferðir til að ákvarða úr hvaða dýrategund dýraprótni er og til að beina unnu dýraprótni úr mismunandi tegundum í réttan farveg.

- 7) Hinn 29. nóvember 2010 samþykkti ráðið niðurstöður um þessa orðsendingu ⁽⁶⁾. Í þessum niðurstöðum er viðurkennt grundvallarmikilvægi bannsins við því að nota unnið dýraprótni í fôður fyrir alidýr til að koma í veg fyrir dreifingu kúariðu fyrir milligöngu fôðurferlisins sem gegnir þannig lykilhlutverki í því að draga úr nýgengi sjúkdómsins í nautgripastofnum. Ennfremur er í þessum niðurstöðum tekið til athugunar að forsendan fyrir hugsanlegri endurinnleiðingu á notkun unnins dýraprótns, sem er ekki úr jörturdýrum, í fôður fyrir aðrar tegundir, sem ekki eru jörturdýr, sé sú að skilvirkar og fullgiltar prófanir séu tiltækar til að greina á milli unnins dýraprótns sem kemur úr mismunandi tegundum og einnig að gerð hafi verið nákvæm greining á áhættunni við að slaka á kröfunum í tengslum við heilbrigði dýra og lýðheilsu.
- 8) Hinn 9. desember 2010 samþykkti vísindanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu vísindalegt álit um endurskoðun á meginlegu áhættumati á áhættu í tengslum við kúariðu af völdum unninna dýraprótna ⁽⁷⁾. Í álitinu er komist að þeirri niðurstöðu að „á grundvelli eftirlitsgagna varðandi kúariðu í Sambandinu árið 2009, þar sem gengið er út frá því að mengun sé 0,1% (greiningarmörk fyrir unnið dýraprótni í fôðri) af völdum unnins dýraprótns, sem er ekki úr jörturdýrum, og samkvæmt líkani Matvælaöryggisstofnunarinnar um meginlegt áhættumat á unnu dýraprótni, sé áætlað að meðaltal heildarsmitvirkni kúariðu, sem gæti borist í nautgripafôðri í Sambandinu á hverju ári, jafngildi 0,2 smitskömmum um munn í nautgrip (50% líkur)“⁽⁸⁾. Matið í álitinu var að „þetta þýðir að búast má við innan við einu dýri til viðbótar, sem er smitað af kúariðu, á ári í nautgripastofni Sambandsins með 95% efra öryggisbil.“
- 9) Í ályktun Evrópuþingsins frá 8. mars 2011, um prótínskort í ESB: Hver er lausnin á langvarandi vandamáli?⁽⁸⁾, er þess farið á leit við framkvæmdastjórnina að hún leggi tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem notkun á unnu dýraprótni úr sláturmat verði leyfð til framleiðslu á fôðri fyrir einmaga dýr (svín og alifugla) að því tilskildu að innihaldsefnið komi úr kjöti sem var

samþykkt til mannelis og að bann við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina og þvinguðu sjálfsafráni verði að fullu komið til framkvæmda og stjórnað.

- 10) Í ályktun Evrópuþingsins frá 6. júlí 2011 um löggjöf ESB varðandi smitandi svampheilakvilla og um tengt eftirlit með fôðri og matvælum — framkvæmd og horfur ⁽⁹⁾ eru studd, einkum í ljósi fyrirbyggjandi prótínskorts í Sambandinu, þau áform framkvæmdastjórnarinnar að afhema ákvæði um fôðurbann í löggjöf Sambandsins þar sem bannað er að fôðra dýr, sem ekki eru jörturdýr, á unnu dýraprótni, að því tilskildu að þetta gildi um tegundir sem ekki eru grasbítar og við tiltekin skilyrði.
- 11) Í ályktuninni er hvatt til þess að framleiðslu- og sæfingaraðferðir, sem eru notaðar við unnið dýraprótni, séu í samræmi við ströngustu öryggisstaðla og við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og að notuð sé nýjasta og öruggasta tækni sem er tiltæk. Í henni er hvatt til þess að gildandi bann við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina verði áfram í gildi, að framleiðslu á unnu dýraprótni úr mismunandi dýrategundum verði beint í fyllilega aðskilda farvegi og að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna stjórni aðskilnaði þessara farvega í framleiðslunni og framkvæmdastjórnin annist endurskoðun. Auk þess er því haldið fram að áður en afléttingu fôðurbannsins verði hrundið í framkvæmd verði áreiðanleg tegundabundin aðferð fyrir hendi til að greina tegundaruppruna prótna í dýrafôðri, sem inniheldur unnið dýraprótni, þannig að unnt verði að útiloka endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina og að unnið dýraprótni sé fyrir hendi, að bannað verði að framleiða unnið dýraprótni úr efni í 1. eða 2. flokki og að einungis megi nota efni í 3. flokki, sem er hæft til mannelis, til að framleiða unnið dýraprótni. Í ályktuninni er því hafnað að nota unnið dýraprótni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, eða úr jörturdýrum í fôður fyrir jörturdýr.
- 12) Hinn 9. mars 2012 fullgilti tilvísunarránsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir dýraprótni í fôðri (EURL-AP) nýja greiningaraðferð, sem byggist á DNA-greiningu, en með henni er unnt að greina mjög lítið magn af efni úr jörturdýrum sem kann að vera fyrir hendi í fôðri ⁽¹⁰⁾. Unnt er að nota þessa aðferð við kerfisbundið eftirlit með unnu dýraprótni og fôðurböndum sem innihalda unnið dýraprótni til að staðfesta að prótni úr jörturdýrum sé ekki fyrir hendi.
- 13) Sem stendur er engin fullgilt greiningaraðferð sem unnt er að nota til að greina hvort efni úr svínum eða alifuglum er fyrir hendi í fôðri. Af þeim sökum er ekki unnt að hafa eftirlit með því að banninu við endurvinnslu, þegar um er

⁽⁶⁾ <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st13/st13889-ad01re01.en10.pdf>

⁽⁷⁾ Álit vísindanefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu um endurskoðun á meginlegu áhættumati á áhættu í tengslum við kúariðu af völdum unninna dýraprótna, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(1):1947.

⁽⁸⁾ Texti samþykktur, P7_TA(2011)0084.

⁽⁹⁾ Texti samþykktur, P7_TA(2011)0328.

⁽¹⁰⁾ <http://eurl.craw.eu/index.php?page=24&id=10>

- að ræða eina og sömu dýrategundina, sé framfylgt á réttan hátt ef notkun á unnu dýraprótni úr svinum í alifuglafóðri og notkun á unnu dýraprótni úr alifuglum í svínafóðri verður leyfð á ný.
- 14) Framleiðsla lagareldisafurða veldur engum áhyggjum að því er varðar fylgni við bannið við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina þar eð gildandi kröfur um aðskilda farvegi, þegar um er að ræða notkun fiskimjöls í fóður fyrir lagareldisdýr, hafa þegar reynst árangursríkar.
- 15) Unnið dýraprótnin úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fóður sem inniheldur slíkt unnið dýraprótnin skulu því leyfð á ný sem fóður fyrir lagareldisdýr, að undanskildu fiskimjöli og fôðurböndum, sem innihalda fiskimjöl, sem þegar er heimilt að nota til þess að fôðra dýr sem ekki eru jörturdýr. Strangar kröfur skulu gilda meðan á söfnun, flutningi og vinnslu þessara afurða stendur til þess að forðast alla áhættu á víxlmengun við prótín úr jörturdýrum. Auk þess skal framkvæma reglubundna sýnatöku og greiningu á unnu dýraprótni og fôðurböndum, sem innihalda þetta unna dýraprótnin, til að staðfesta að víxlmengun við prótín úr jörturdýrum sé ekki fyrir hendi.
- 16) Því skal fella niður bannið við því að fôðra lagareldisdýr á unnu dýraprótni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, eins og mált er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Til að tryggja gagnsæi í löggjöf Sambandsins er rétt að í staðinn fyrir allan IV. viðauka komi IV. viðauki sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 17) Í 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er vísað í skilgreiningar á fôðri og aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem settar eru fram í lagagerningum Sambandsins sem síðan hafa verið felldir úr gildi. Til glöggvunar á löggjöf Sambandsins skulu tilvísanir í viðkomandi skilgreiningar, sem er að finna í lagagerningum sem eru í gildi, koma í stað þessara tilvísana. Því ber að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við viðaukann við þessa reglugerð.
- 18) Þar eð aðildarríkin og rekstraraðilar í fôðurgeiranum þurfa nægan tíma til að aðlaga eftirlitsaðferðir sínar að nýju kröfunum sem eru innleiddar með þessari reglugerð skal reglugerð þessi ekki koma til framkvæmda tafarlaust eftir gildistöku hennar.
- 19) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júní 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. liðar I. viðauka komi eftirfarandi:

„1. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009^(*), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011^(**), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002^(***), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009^(****) og tilskipun ráðsins 2006/88/EB^(*****):

- a) skilgreiningin á „alidýri“ í 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,
- b) eftirfarandi skilgreiningar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:
 - i. „loðdýr“ í 1. lið,
 - ii. „blóðafurðir“ í 4. lið,
 - iii. „unnið dýraprótín“ í 5. lið,
 - iv. „fiskimjól“ í 7. lið,
 - v. „kollagen“ í 11. lið,
 - vi. „gelatín“ í 12. lið,
 - vii. „vatnsrofin prótín“ í 14. lið,
 - viii. „gæludýrafóður í dós“ í 16. lið,
 - ix. „gæludýrafóður“ í 19. lið,
 - x. „unnið gæludýrafóður“ í 20. lið,
- c) skilgreiningin á „föðri“ í 4. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,
- d) reglugerð (EB) nr. 767/2009:
 - i. „föðurefni“ í g-lið 2. mgr. 3. gr.,
 - ii. „föðurblanda“ í h-lið 2. mgr. 3. gr.,
 - iii. „heilfóður“ í i-lið 2. mgr. 3. gr.,
- e) tilskipun 2006/88/EB:
 - i. „lagareldisdýr“ í b-lið 1. mgr. 3. gr.,
 - ii. „lagardýr“ í e-lið 1. mgr. 3. gr.

(*) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

(***) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

(****) Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

(*****) Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.“

2) Í stað IV. viðauka komi eftirfarandi:

„IV. VIÐAUKI

FÓÐRUN DÝRA

I. KAFLI

Rýmkun bannsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr.

Bannið, sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr., skal rýmkað í samræmi við 2. mgr. 7 gr. til að ná til föðrunar:

- a) jórturdýra, með tvíkalsíumfosfati og þríkalsíumfosfati úr dýraríkinu og föðurlöndum sem innihalda þessar afurðir,

- b) alidýra, sem ekki eru jörturdýr, annarra en loðdýra, með:
- i. unnu dýrprótíni,
 - ii. kollageni og gelatíni úr jörturdýrum,
 - iii. blóðafurðum,
 - iv. vatnsrofnu prótíni úr dýraríkinu,
 - v. tvíkalsíumfosfati og þrikalsíumfosfati úr dýraríkinu,
 - vi. fõðri sem inniheldur afurðirnar sem taldar eru upp í i. til v. lið.

II. KAFLI

Undanþágur frá banninu sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. og í I. kafla

Í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 7. gr. skulu bönnin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. og í I. kafla, ekki gilda um fõðrun:

- a) jörturdýra á:
- i. mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk, afurðum úr mjólk, broddi og afurðum úr broddi,
 - ii. eggjum og eggjaafurðum,
 - iii. kollageni og gelatíni úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
 - iv. vatnsrofnum prótínum úr:
 - líkamshlutum dýra sem ekki eru jörturdýr eða
 - úr jörturdýra húðum og -skinnum,
 - v. fõðurlöndum sem innihalda afurðirnar sem taldar eru upp í i. til iv. lið hér að framan,
- b) alidýra, sem ekki eru jörturdýr, á eftirfarandi fõðurefnum og fõðurlöndum:
- i. vatnsrofnum prótínum úr líkamshlutum dýra sem ekki eru jörturdýr eða úr jörturdýra húðum og -skinnum,
 - ii. fiskimjöli og fõðurlöndum, sem innihalda fiskimjöl, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í A-þætti IV. kafla,
 - iii. tvíkalsíumfosfati og þrikalsíumfosfati úr dýraríkinu og fõðurlöndum, sem innihalda slík fosföt, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í B-þætti IV. kafla,
 - iv. blóðafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fõðurlöndum, sem innihalda slíkar blóðafurðir, sem eru framleiddar, settar á markað og notaðar í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-þætti IV. kafla,
- c) lagareldisdýra á unnu dýrprótíni, öðru en fiskimjöli, úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fõðurlöndum, sem innihalda slíkt unnið dýrprótín, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í D-þætti IV. kafla,
- d) jörturdýra, sem ekki hafa verið vanin undan, á staðgöngumjólki sem inniheldur fiskimjöl og sem er framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í E-þætti IV. kafla,
- e) alidýra á fõðurefnum úr jurtaríkinu og fõðurlöndum sem innihalda slíkt fõðurefni sem eru menguð af óverulegu magni af beinflísium úr dýrategundum sem ekki er heimilt að nota. Aðildarríkjum er einungis heimilt að nýta þessa undanþágu hafi þau áður látið framkvæma áhættumat þar sem staðfest er að áhættan fyrir heilbrigði dýra sé óveruleg. Í þessu áhættumati skal a.m.k. taka tillit til eftirfarandi:

- i. styrks mengunarinnar,
- ii. eðlis og upptaka mengunarinnar,
- iii. fyrirhugaðrar notkunar á mengaða fôðrinu.

III. KAFLI

Almenn skilyrði fyrir beitingu á tilteknum undanþágum sem kveðið er á um í II. kafla

A-ÞÁTTUR

Flutningur á fôðurefnum og fôðurlöndum sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra sem ekki eru jörturdýr

1. Eftirfarandi afurðir, sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra sem ekki eru jörturdýr, skulu fluttar með ökutækjum og í ílátum sem ekki eru notuð til flutninga á fôðri sem ætlað er jörturdýrum:
 - a) unnið dýraprótein í lausu, þ.m.t. fiskimjöl, úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
 - b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat í lausu úr dýraríkinu,
 - c) blóðafurðir í lausu úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
 - d) fôðurlöndur í lausu sem innihalda fôðurefni sem talin eru upp í a-, b- og c-lið.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrá, þar sem tilgreint er hvaða tegundir afurða voru fluttar, í a.m.k. tvö ár.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar má nota ökutæki og ílát, sem hafa verið notuð áður til flutninga á afurðunum sem eru taldar upp í þeim lið, síðar til flutninga á fôðri sem ætlað er jörturdýrum að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

3. Unnið dýraprótein í lausu úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fôðurlöndur í lausu, sem innihalda unnið dýraprótein úr slíkum dýrum, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum sem ekki eru notuð til flutninga á fôðri sem ætlað er dýrum, sem ekki eru jörturdýr, öðrum en lagareldisdýrum.
4. Þrátt fyrir ákvæði 3. liðar má nota ökutæki og ílát, sem hafa verið notuð áður til flutninga á afurðunum sem um getur í þeim lið, síðar til flutninga á fôðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jörturdýr, öðrum en lagareldisdýrum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

B-ÞÁTTUR

Framleiðsla á fôðurlöndum sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra sem ekki eru jörturdýr

1. Fôðurlöndur, sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra, sem ekki eru jörturdýr, og sem innihalda eftirtalin fôðurefni, skal framleiða í starfsstöðvum sem framleiða ekki fôðurlöndur fyrir jörturdýr og sem hafa heimild lögbærs yfirvalds:
 - a) fiskimjöl,
 - b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,
 - c) blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jörturdýr.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á fôðurlöndum fyrir jörturdýr í starfsstöðvum þar sem einnig eru framleiddar fôðurlöndur fyrir alidýr, sem ekki eru jörturdýr, sem innihalda afurðirnar sem taldar eru upp í þeim lið, í kjölfar vettvangsskoðunar lögbæra yfirvaldsins, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) fôðurlöndur sem eru ætlaðar jörturdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og þökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fôðurlöndur fyrir dýr, sem ekki eru jörturdýr, eru framleiddar og geymdar,

- b) lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skráum með upplýsingum um kaup og notkun á afurðunum sem eru taldar upp í 1. lið og sölu á fôðurlöndum, sem innihalda slíkar afurðir, í a.m.k. fimm ár,
 - c) reglubundin sýnatöku og greining á fôðurlöndum, sem ætlaðar eru jörturdýrum, skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fôðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009(*); tíðni sýnatökunnar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum um greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GÁHMSS); niðurstöður úr slíkri sýnatöku og greiningu skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fôður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfôðri úr fôðurlöndum, sem innihalda afurðirnar sem eru taldar upp í þeim lið, með fyrirvara um að þeir fari að eftirfarandi skilyrðum:
- a) lögbært yfirvald skal skrá þá,
 - b) þeir skulu einungis halda dýr sem ekki eru jörturdýr,
 - c) þeir skulu framleiða heilfôður, sem er eingöngu ætlað til notkunar á sömu bújörð,
 - d) allar fôðurlöndur, sem innihalda fiskimjöl, sem eru notaðar við framleiðslu á fôðurlöndum skulu innihalda minna en 50% af hráprótíni,
 - e) allar fôðurlöndur, sem innihalda tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu, sem eru notaðar við framleiðslu á heilfôðrinu skulu innihalda minna en 10% heildarfosfór,
 - f) allar fôðurlöndur, sem innihalda blóðafurðir úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem eru notaðar við framleiðslu á heilfôðri skulu innihalda minna en 50% heildarprótín.

C-ÞÁTTUR

Innflutningur á fôðurefnum og fôðurlöndum sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra, sem ekki eru jörturdýr, annarra en loðdýra

Áður en sendingar af eftirfarandi fôðurefnum og fôðurlöndum, sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra sem ekki eru jörturdýr, annarra en loðdýra, í samræmi við II. kafla þessa viðauka, eru afgreiddar í frjálst flæði í Sambandinu skulu innflytjendur tryggja að sýni úr hverri sendingu séu greind í samræmi við greiningaraðferðirnar til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fôðri, sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009, til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi:

- a) unnið dýraprótni, þ.m.t. fiskimjöl, úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
- b) blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
- c) fôðurlöndur sem innihalda fôðurefni sem talin eru upp í a- og b-lið.

D-ÞÁTTUR

Notkun og geymsla á fôðri sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra sem ekki eru jörturdýr, á býlum

1. Notkun og geymsla á eftirfarandi fôðri skal bönnuð á býlum þar sem haldnar eru alidýrategundir sem slíkt fôður er ekki ætlað fyrir:
 - a) unnu dýraprótni, þ.m.t. fiskimjöl, úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
 - b) tvíkalsíumfosfati og þríkalsíumfosfati úr dýraríkinu,
 - c) blóðafurðum úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
 - d) fôðurlöndum sem innihalda fôðurefni sem talin eru upp í a- til c-lið.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar getur lögbært yfirvald heimilað notkun og geymslu á fôðurlöndunum, sem um getur í d-lið 1. liðar, á býlum þar sem haldnar eru alidýrategundir sem fôðurlöndurnar eru ekki ætlaðar fyrir, að því tilskildu að gerðar séu ráðstafanir á býlinu til að koma í veg fyrir að slíkar fôðurlöndur séu gefnar dýrategundum sem þær eru ekki ætlaðar fyrir.

IV. KAFLI

Sérstök skilyrði fyrir beitingu á undanþágum sem kveðið er á um í II. kafla*A-ÞÁTTUR****Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á fiskimjöli og fôðurlöndum, sem innihalda fiskimjöl, sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra, sem ekki eru jörturdýr, annarra en loðdýra***

Eftirfarandi sérstök skilyrði skulu gilda um framleiðslu og notkun á fiskimjöli og fôðurlöndum, sem innihalda fiskimjöl, sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra, sem ekki eru jörturdýr, annarra en loðdýra:

- a) fiskimjölið skal framleitt í vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til framleiðslu á afurðum úr lagardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum,
- b) viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, eins og við á, sem fylgir fiskimjöli og fôðurlöndum, sem innihalda fiskimjöl, og allar umbúðir sem innihalda slíkar afurðir skulu greinilega merkt með orðunum „inniheldur fiskimjöl — má ekki gefa jörturdýrum“.

*B-ÞÁTTUR****Sérstök skilyrði sem gilda um notkun á tvíkalsíumfosfati og þrikalsíumfosfati úr dýraríkinu og fôðurlöndum, sem innihalda slík fosföt, sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra, sem ekki eru jörturdýr, annarra en loðdýra***

Viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, eins og við á, sem fylgir tvíkalsíumfosfati eða þrikalsíumfosfati úr dýraríkinu, fôðurlöndum, sem innihalda slík fosföt, og allar umbúðir sem innihalda slíkar afurðir skulu greinilega merkt með orðunum „inniheldur tvíkalsíum-/þrikalsíumfosfat úr dýraríkinu — má ekki gefa jörturdýrum“.

*C-ÞÁTTUR****Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á blóðafurðum úr dýrum sem ekki eru jörturdýr og fôðurlöndum, sem innihalda þessar afurðir, sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra, sem ekki eru jörturdýr, annarra en loðdýra***

Eftirfarandi sérstök skilyrði skulu gilda um framleiðslu og notkun á blóðafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fôðurlöndum, sem innihalda slíkar blóðafurðir, sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra, sem ekki eru jörturdýr, annarra en loðdýra:

- a) Blóðið, sem ætlunin er að nota til framleiðslu á blóðafurðum, skal koma frá sláturhúsum þar sem jörturdýrum er ekki slátrað og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem sláturhús þar sem jörturdýrum er ekki slátrað.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði getur lögbært yfirvald heimilað að jörturdýrum sé slátrað í sláturhúsum þar sem blóði er safnað úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem er ætlað til framleiðslu á blóðafurðum til notkunar í fôður fyrir alidýr, sem ekki eru jörturdýr.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar skoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli blóðs úr jörturdýrum og dýrum sem ekki eru jörturdýr, séu fullnægjandi.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

- i. slátrun dýra, sem ekki eru jörturdýr, skal fara fram á línunum sem eru algerlega aðskildar línunum sem eru notaðar við slátrun jörturdýra,
 - ii. aðstöðu fyrir söfnun, geymslu, flutning og þökkun á blóði sem kemur úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skal haldið algerlega aðskilinni frá aðstöðu sem er notuð fyrir blóð úr jörturdýrum,
 - iii. reglubundin sýnataka og greiningar á blóði, sem ekki kemur úr jörturdýrum, skulu fara fram til að greina prótín úr jörturdýrum. Greiningaraðferðin sem notuð er skal vera vísindalega fullgilt í þessu skyni. Tíðni sýnatöku og greiningar skal ákvörðuð á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS.
- b) Blóðið, sem ætlunin er að nota til framleiðslu á blóðafurðum fyrir dýr, sem ekki eru jörturdýr, skal flutt í vinnslustöð með ökutækjum og í ílátum sem eingöngu eru ætluð til að flytja blóð sem ekki kemur úr jörturdýrum.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði má nota ökutæki og ílát, sem áður hafa verið notuð til flutninga á blóði úr jörturdýrum, til flutninga á blóði, sem ekki er úr jörturdýrum, að því tilskildu að þau hafi verið hreinsuð vandlega áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

- c) Blóðafurðirnar skulu framleiddar í vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu á blóði úr dýrum sem ekki eru jörturdýr.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á blóðafurðum til notkunar í fóður fyrir alidýr, sem ekki eru jörturdýr, í vinnslustöðvum þar sem blóð úr jörturdýrum er unnið.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar skoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun, séu fullnægjandi.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

- i. framleiðsla á blóðafurðum, sem koma ekki úr jörturdýrum, skal fara fram í lokuðu kerfi sem er haldið algerlega aðskildu frá því kerfi sem er notað til að framleiða blóðafurðir úr jörturdýrum,
 - ii. aðstöðu fyrir söfnun, geymslu, flutning og þökkun á hráefni í lausu og fullnum vörum í lausu, sem eru ekki unnar úr jörturdýrum, skal haldið algerlega aðskilið frá aðstöðu fyrir hráefni í lausu og fullnum vörur í lausu sem koma úr jörturdýrum,
 - iii. beita skal viðvarandi afstemmingarferli milli innkomandi blóðs, annars vegar úr jörturdýrum og hins vegar úr öðrum dýrum en jörturdýrum, og samsvarandi blóðafurða,
 - iv. reglubundin sýnataka og greining á blóðafurðum, sem ekki eru úr jörturdýrum, skal fara fram til að staðfesta að víxlmengun við blóðafurðir úr jörturdýrum sé ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með föðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009; tíðni sýnatökkunnar og greiningarinnar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GÁHMSS; niðurstöður úr slíkri sýnatöku og greiningu skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.
- d) Viðskiptaþyngiskjal eða heilbrigðisvottorð, eins og við á, sem fylgir blóðafurðum, fóðurböndum, sem innihalda blóðafurðir, og allar umbúðir sem innihalda slíkar afurðir skulu greinilega merkt með orðunum „inniheldur blóðafurðir — má ekki gefa jörturdýrum“.

D-ÞÁTTUR

Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótni, öðru en fiskimjöli, úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fóðurböndum sem innihalda slíkt unnið dýraprótn sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra

Eftirfarandi sérstök skilyrði skulu gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótni, öðru en fiskimjöli, úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fóðurböndum sem innihalda slíkt prótn sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra:

- a) Aukaafurðirnar úr dýrum, sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unna dýraprótninu sem um getur í þessum þætti, skal annaðhvort koma úr sláturhúsum, þar sem jörturdýrum er ekki slátrað og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem sláturhús þar sem jörturdýrum er ekki slátrað, eða úr stykkjunarstöðvum sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jörturdýrum.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði getur lögbært yfirvald heimilað að jörturdýrum sé slátrað í sláturhúsum þar sem framleiddar eru aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem eru ætlaðar til framleiðslu á unna dýraprótninu sem um getur í þessum þætti.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar skoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli aukaafurða úr jörturdýrum og dýrum sem ekki eru jörturdýr, séu fullnægjandi.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

- i. slátrun dýra, sem ekki eru jörturdýr, skal fara fram á línunum sem eru algerlega aðskildar frá þeim línunum sem eru notaðar við slátrun jörturdýra,
- ii. aðstöðu fyrir söfnun, geymslu, flutning og þökkun á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skal haldið aðskilinni frá aðstöðu sem er notuð fyrir aukaafurðir úr jörturdýrum,
- iii. reglubundin sýnataka og greiningar á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skulu fara fram til að greina prótn úr jörturdýrum. Greiningaraðferðin sem notuð er skal vera visindalega fullgilt í þessu skyni. Tíðni sýnatöku og greiningar skal ákvörðuð á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GÁHMSS.

- b) Aukaafurðirnar úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unna dýrapróttinu sem um getur í þessum þætti, skulu fluttar til vinnslustöðvar með ökutækjum og í ílátum sem ekki eru notuð til flutninga á aukaafurðum úr jörturdýrum.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði má flytja þær með ökutækjum og í ílátum sem áður hafa verið notuð til flutninga á aukaafurðum úr jörturdýrum, að því tilskildu að þessi ökutæki og ílát hafi verið hreinsuð áður til að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

- c) Unna dýrapróttinið sem um getur í þessum þætti skal framleitt í vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem koma úr sláturhúsum og stykkjunarstöðvum sem um getur í a-lið.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á unnu dýrapróttinu, sem um getur í þessum þætti, í vinnslustöðvum þar sem unnar eru aukaafurðir úr jörturdýrum.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar skoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli unnins dýrapróttins úr jörturdýrum og unnins dýrapróttins úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, séu fullnægjandi.

Þessar forvarnarráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

- i. framleiðsla á unnu dýrapróttinu úr jörturdýrum skal fara fram í lokuðu kerfi sem er algerlega aðskilið frá því kerfi sem er notað til að framleiða unna dýrapróttinið sem um getur í þessum þætti,
 - ii. aukaafurðir úr jörturdýrum skulu geymdar, meðan á geymslu og flutningi stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu fyrir aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr,
 - iii. unnið dýrapróttin úr jörturdýrum skal geymt, meðan á geymslu og flutningi stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu fyrir fullunnar afurðir úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr,
 - iv. reglubundin sýnataka og greining á unna dýrapróttinu, sem um getur í þessum þætti, skal fara fram til að staðfesta að víxlmengun við unnið dýrapróttin úr jörturdýrum sé ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með föðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009; tíðni sýnatökunnar og greiningarinnar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GÁHMSS; niðurstöður úr slíkri sýnatöku og greiningu skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.
- d) Föðurlöndur sem innihalda unnið dýrapróttin sem um getur í þessum þætti skulu framleiddar í starfsstöðvum sem hafa fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi og sem eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á föðri fyrir lagareldisdýr.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði:

- i. getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á föðurlöndum fyrir lagareldisdýr í starfsstöðvum þar sem einnig eru framleiddar föðurlöndur fyrir önnur alidýr, að undanskildum loðdýrum, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - föðurlöndur sem eru ætlaðar jörturdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og þökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem föðurlöndur fyrir dýr, sem ekki eru jörturdýr, eru framleiddar og geymdar,
 - föðurlöndur sem eru ætlaðar lagareldisdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og þökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem föðurlöndur fyrir önnur dýr, sem ekki eru jörturdýr, eru framleiddar og geymdar,
 - lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrá með upplýsingum um kaup og notkun á unna dýrapróttinu, sem um getur í þessum þætti, og sölu á föðurlöndum, sem innihalda slíkt próttin, í a.m.k. fimm ár,
 - reglubundin sýnataka og greining á föðurlöndum, sem ætlaðar eru alidýrum öðrum en lagareldisdýrum, skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með föðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009; tíðni sýnatökunnar og greiningarinnar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GÁHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár,

- ii. skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fôður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfôðri úr fôðurblandum, sem innihalda unna dýraprótnið sem um getur í þessum þætti, ef þeir fara að eftirfarandi skilyrðum:
- lögbært yfirvald hefur skráð þá,
 - þeir halda einungis lagareldisdýr,
 - þeir framleiða heilfôður fyrir lagareldisdýr, sem er eingöngu ætlað til notkunar í sömu eldisstöð, og
 - fôðurblandan, sem inniheldur unnið dýraprótnið sem um getur í þessum þætti og er notuð í framleiðslu þeirra, inniheldur minna en 50% heildarprótnið.
- e) Viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, eins og við á, sem fylgir unna dýraprótninu sem um getur í þessum þætti, og allar umbúðir skulu greinilega merkt með eftirfarandi orðum: „unnið dýraprótnið úr dýrum sem ekki eru jörturdýr — má ekki nota til framleiðslu á fôðri fyrir alidýr nema lagareldisdýr og loðdýr“.

Viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, eins og við á, sem fylgir fôðurblandu fyrir lagareldisdýr sem inniheldur unnið dýraprótnið sem um getur í þessum þætti, og allar umbúðir skulu greinilega merkt með eftirfarandi orðum: „inniheldur unnið dýraprótnið úr dýrum sem ekki eru jörturdýr — má ekki gefa alidýrum nema lagareldisdýrum og loðdýrum“.

E-ÞÁTTUR

Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu, setningu á markað og notkun á staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl, til fôðrunar jörturdýra sem ekki er búið að venja undan

Eftirfarandi sérstök skilyrði skulu gilda um framleiðslu, setningu á markað og notkun á staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl, við fôðrun alinna jörturdýra sem ekki er búið að venja undan:

- a) Fiskimjöl sem er notað í staðgöngumjól, skal framleitt í vinnslustöðvum sem eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á afurðum úr lagardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, og skal uppfylla almennu skilyrðin sem sett eru fram í III. kafla.
- b) Notkun á fiskimjöli fyrir alin jörturdýr, sem ekki er búið að venja undan, verður aðeins leyfð til framleiðslu á staðgöngumjól, sem dreift er í duftformi og gefin eftir þynningu í ákveðnu magni af vökva, til þess að fôðra jörturdýr, sem ekki er búið að venja undan, sem viðbót við eða í staðinn fyrir móðurmjólkina eftir brodd áður en dýrið hefur að fullu verið vanið undan.
- c) Staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð öldum jörturdýrum, sem ekki er búið að venja undan, skal framleidd í starfsstöðvum þar sem ekki eru framleiddar aðrar fôðurblandur fyrir jörturdýr og sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á annarri fôðurblandu fyrir jörturdýr í starfsstöðvum sem einnig framleiða staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl, og er ætluð öldum jörturdýrum, sem ekki er búið að venja undan, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- i. aðrar fôðurblandur, sem eru ætlaðar jörturdýrum, skulu geymdar í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu sem er ætluð fyrir fiskimjöl í lausu og staðgöngumjól í lausu, sem inniheldur fiskimjöl, meðan á geymslu, flutningum og pökkun stendur,
- ii. aðrar fôðurblandur, sem eru ætlaðar jörturdýrum, skulu framleiddar í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl, er framleidd,
- iii. lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skráum með upplýsingum um kaup og notkun á fiskimjöli og sölu á staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl, í a.m.k. fimm ár,
- iv. reglubundin sýnataka og greining á öðrum fôðurblandum, sem ætlaðar eru jörturdýrum, skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fôðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009; tíðni sýnatökunnar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.

- d) Áður en sendingar af innfluttri staðgöngumjólki, sem inniheldur fiskimjól, eru afgreiddar í frjálst flæði í Sambandinu skulu innflytjendur tryggja að sýni úr hverri sendingu séu greind í samræmi við greiningar- aðferðirnar til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með föðri, sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009, til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi.
- e) Viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, eins og við á, sem fylgir staðgöngumjólki sem inniheldur fiskimjól og er ætluð öldum jörturdýrum sem ekki er búið að venja undan, og allar umbúðir, sem innihalda slíka staðgöngumjólki, skulu greinilega merkt með orðunum „*inniheldur fiskimjól – má ekki gefa jörturdýrum nema jörturdýrum sem ekki hafa verið vanin undan*“.
- f) Staðgöngumjólki í lausu, sem inniheldur fiskimjól og er ætluð öldum jörturdýrum sem ekki er búið að venja undan, skal flutt með ökutækjum og í ílátum sem ekki eru notuð til að flytja annað föður sem ætlað er jörturdýrum.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði má nota ökutæki og ílát, sem síðar verða notuð til flutninga á öðru föðri í lausu sem ætlað er jörturdýrum, til flutninga á staðgöngumjólki í lausu, sem inniheldur fiskimjól, sem ætluð er öldum jörturdýrum sem ekki er búið að venja undan, að því tilskildu að slík ökutæki og ílát hafi verið hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

- g) Á býlum þar sem jörturdýr eru haldin skulu ráðstafanir vera fyrir hendi til að koma í veg fyrir að staðgöngumjólki, sem inniheldur fiskimjól, sé gefin öðrum jörturdýrum en þeim sem ekki er búið að venja undan. Lögbært yfirvald skal taka saman skrá yfir býli þar sem notuð er staðgöngumjólki, sem inniheldur fiskimjól, með kerfi þar sem býlin tilkynna um notkunina fyrirfram eða með öðru kerfi sem tryggir að farið sé að þessum sérstöku skilyrðum.

V. KAFLI

Almennar kröfur

A-ÞÁTTUR

Skráningar

Aðildarríkin skulu halda skrár, sem eru uppfærðar og aðgengilegar öllum, um:

- a) sláturhús þar sem hægt er að fá blóð sem er framleitt í samræmi við a-lið C-þáttar IV. kafla,
- b) leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleiddar eru blóðafurðir í samræmi við c-lið C-þáttar IV. kafla,
- c) sláturhús og stykkjunarstöðvar þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýrapróttíni í samræmi við a-lið D-þáttar IV. kafla,
- d) leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleitt er unnið dýrapróttín úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem starfa í samræmi við c-lið D-þáttar IV. kafla,
- e) leyfðar starfsstöðvar sem um getur í B-þætti III. kafla, í d-lið D-þáttar IV. kafla og í c-lið E-þáttar IV. kafla,
- f) þá sem blanda föður heima hjá sér sem hafa verið skráðir og starfa í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í B-þætti III. kafla og d-lið D-þáttar IV. kafla.

B-ÞÁTTUR

Flutningur á fóðurefni og fóðurlöndum sem innihalda afurðir úr jörturdýrum

1. Fóðurefni í lausu og fóðurlöndur í lausu, sem innihalda aðrar afurðir úr jörturdýrum en þær sem taldar eru upp í eftirtöldum a-, b- og c-liðum, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum sem ekki eru notuð til flutninga á föðri sem ætlað er öðrum alidýrum en loðdýrum:
- a) mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi,
- b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,
- c) vatnsrofin prótín úr jörturdýrahúðum og -skinnum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar má nota ökutæki og ílát, sem áður hafa verið notuð til flutninga á fóðurefni í lausu og fóðurblöndum í lausu sem eru talin upp í þeim lið, til flutninga á föðri sem ætlað er alidýrum, öðrum en loðdýrum, að því tilskildu að þau hafi verið hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

C-ÞÁTTUR

Framleiðsla á fóðurblöndum sem innihalda afurðir úr jörturdýrum

Fóðurblöndur, sem innihalda aðrar afurðir úr jörturdýrum en þær sem taldar eru upp í a-, b- og c-lið, skal ekki framleiða í starfsstöðvum þar sem framleitt er föður fyrir alidýr, önnur en loðdýr:

- a) mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi,
- b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,
- c) vatnsrofin prótín úr jörturdýrahlutum og -skinnum.

D-ÞÁTTUR

Notkun og geymsla á fóðurefnum og fóðurblöndum fyrir alidýr, sem innihalda afurðir úr jörturdýrum, á býlum

Notkun og geymsla á fóðurefnum og fóðurblöndum fyrir alidýr, sem innihalda aðrar afurðir úr jörturdýrum en þær sem taldar eru upp í a-, b- og c-lið, skal bönnuð á býlum þar sem alidýr, önnur en loðdýr, eru haldin:

- a) mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi,
- b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,
- c) vatnsrofin prótín úr jörturdýrahlutum og -skinnum.

E-ÞÁTTUR

Útflutningur á unnu dýraprótni og afurðum sem innihalda slík prótín

1. Útflutningur á unnu dýraprótni úr jörturdýrum og afurðum sem innihalda slík prótín skal bannaður.

Þrátt fyrir þetta skal bannið ekki gilda um unnið gæludýraföður, þ.m.t. gæludýraföður í dós, sem inniheldur unnið dýraprótn úr jörturdýrum, sem hefur verið meðhöndlað og er merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins.

2. Einungis skal heimila útflutning á unnum dýraprótnum úr dýrum sem ekki eru jörturdýr og vörum, sem innihalda slík prótín, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) þau eru ætluð til notkunar sem ekki er bönnuð skv. 7. gr. og þessum viðauka,
 - b) skriflegt samkomulag er gert fyrir útflutning milli lögbærs yfirvalds útflutningsaðildarríkisins eða framkvæmdastjórnarinnar og lögbærs yfirvalds þriðja lands, sem er innflutningsland, sem felur í sér að þriðja landið skuldbindur sig til að taka tillit til fyrirhugaðrar notkunar og til að endurútflytja ekki unna dýraprótnið eða afurðirnar, sem innihalda slíkt prótín, til notkunar sem er bönnuð skv. 7. gr. og þessum viðauka.
3. Skriflegt samkomulag, sem er gert í samræmi við b-lið 2. liðar hér að ofan, skal lagt fram innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.
4. Ákvæði 2. og 3. liðar gilda ekki um útflutning á eftirfarandi:
 - a) fiskimjöli og fóðurblöndu sem inniheldur fiskimjöl,
 - b) fóðurblöndu sem er ætluð fyrir lagareldisdýr,
 - c) gæludýraföðri.

*F-ÞÁTTUR***Opinbert eftirlit**

1. Opinbert eftirlit, sem lögbært yfirvald framkvæmir til að staðfesta að farið sé að reglunum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, skal fela í sér skoðanir og sýnatöku til greiningar á unnu dýrapróttíni og fóðri í samræmi við greiningaraðferðirnar til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri, sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009.
2. Lögbæra yfirvaldið skal með reglulegu millibili sannprófa hæfi rannsóknarstofa, sem framkvæma greiningar tengdar slíku opinberu eftirliti, einkum með því að meta niðurstöður fjölsetra frammistöðuprófana (e. *inter-proficiency tests*).

Ef hæfið er talið vera ófullnægjandi skulu lágmarksráðstafanir til úrbóta af hálfu rannsóknarstofunnar felast í endurbjálfun starfsfólks rannsóknarstofanna áður en frekari greiningar eru framkvæmdar.

(*) Stjtið. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.“